

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 6.200 fyrir íbúðarhúsnæði.

Bæjarstjórn skal skipa fyrirtækjum í flokka m.a. eftir sorpmagni. Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1.	6.200	7.	87.100
2.	12.400	8.	124.400
3.	31.100	9.	168.000
4.	43.600	10.	255.100
5.	56.000	11.	342.200
6.	68.400		

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Ólafsfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 60/1998 vegna sorphirðu í Ólafsfirði.

Umhverfissráðuneytinu, 8. febrúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Rangárvallahreppi fyrir árið 1999.

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 344/1987 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 1999, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	kr.
a) Íbúðir í þéttbýli m.v. 1 poka á viku	7.374
b) Íbúðir í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki	3.687
c) Sumarhús	3.687
d) Fyrirtæki m.v. 1 poka á viku (margf. í gámum)	7.374
e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald (aðg. að urðunarst.) (annast sjálf leigu gáma og flutning á urðunarstað).	27.595

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að gilda fyrir árið 1999.

Umhverfissráðuneytinu, 8. febrúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grindavíkurbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkur er heimilt að leggja á árlega, sorphirðugjald (sorphreinsunar- og sorpeyðingargjald). Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Árlegt sorphreinsunargjald er sem hér segir:

	kr.
a) Íbúðarhús – hver íbúð	3.500
b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar	3.500

3. gr.

Árlegt sorpeyðingargjald er sem hér segir:

	kr.
a) Íbúðarhús — hver íbúð	0
b) Fyrirtæki, stofnanir, félög, og aðrir sambærilegir lögaðilar	0

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Grindavíkur á fundi, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. febrúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.